

Skýrsla hverfisnefndar fyrir starfsárið 2005-2006

Hverfisnefnd var stofnuð í Síðuhverfi 10. júní 2004 átti hún því tveggja ára afmæli sl. Laugardag. Á aðalfundi hverfisnefndar á síðasta ári voru kosnir í stjórn

Helga Eymundsdóttir formaður, Elín Magnúsdóttir ritari, Dýrleif Skjöldal, Sigþór Heimisson, Elías Wium og varamenn Ingibjörg Magnúsdóttir, Drífa Matthíasdóttir, og Svala Árnadóttir

Höfum við haft þá reglu að boða alla nefndarmenn á alla fundi nefndarinnar þ.a allir nefndarmenn hafa verið virkir.

Nefndin hefur haldið átta fundi á starfsárinu og hafa þeir allir verið haldnir hér í Síðuskóla.

Fyrsta verkefni nefndarinnar eftir síðasta aðalfund var að afgreiða erindi sem kom frá bænum, spurning hvort við hefðum áhuga á að sjá um að starfræktur yrði smíðavöllur í hverfinu fyrir krakka á aldrinum 8-12 ára, fórum við í að útbúa bréf og senda heim með öllum börnum í skólanum á þessum aldri, góð viðbrögð voru við þeirri auglýsingu og var starfræktur smíðavöllur við Vestursíðu sl. Sumar að mestu leyti í umsjón duglegra foreldra sem fá bestu þakkir fyrir, tókst þetta verkefni mjög vel og vonandi verður það aftur nú í sumar.

Hverfisnefnd ákvað að sendi erindi til Bæjarins um að fá sparkvöll á lóð Síðuskóla, en svarið var að búið væri að taka þá ákvörðun að næsti sparkvöllur í bænum yrði við Giljaskóla.

Á haustdögum kom á fund til okkar Jón Birgir verkefnisstjóri umhverfismála hjá Akureyrarbæ, sagði hann okkur að stefnan væri á að þétt byggð í Síðuhverfi, einnig upplýsti hann okkur um afhverju þessi mikli seinangangur væri búin að vera vegna framkvæmda við Síðubraut.

Einnig ræddum við um bílaplan og umhverfið við hverfisbúðina okkar verslunina Síðu en aldrei fengum við endanlegt svar hver ætti að sjá um þær endurbætur, búðareigandi og Akureyrarbær vísa hver á annan.

Miklar og frábærar endurbætur voru gerðar á rauða róló við Bugðusíðu, búið að girða upp á nýtt og setja ný leiktæki gott framtak og ber að þakka það.

Hið marg umrædda skiltamál sem við erum búin að vera að berjast fyrir sl. 2 ár er loksins komið í afgreiðslu fréttir frá Jónasi Vigfússyni í dag eru þær að skiltin séu í framleiðslu og komi í næstu viku.

Eitt skilti við hverja innkeyrslu í hverfið okkar, en þetta er tilraunaverkefni í stað þess að gera hverfið að 30 km hverfi.

Þorrablot var haldið í hverfinu 28 janúar sl og tókst það mjög vel þar mættu margir íbúar hverfisins á öllum aldri með trog sín, boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði, söng, annál og að lokum dans en tilgangur þessara þorrablóta er ekki síst til þess að tengja kynslóðir saman og leyfa ungum sem öldnum að taka þátt í þorrablótum.

Þá hef ég talið upp það helsta sem á daga hverfisnefndar hefur drifið sl. Ár. En athugið að þetta er góður vettvangur sem við hverfisbúar eigum að nýta okkur til þess að ýta á hin ýmsu mál sem okkur varðar og standa saman.

Síðhverfi 14. júní 2006.

Helga Eymundsdóttir formaður hverfisnefndar í Síðhverfi